

Mál nr. 345/2012
M og
Vátryggingafélagið V v. ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A

Ekið á bifreið. Ágreiningur um líkamstjón og orsakatengsl þ. 1.5.2011.

Gögn.

1. Málskot mótttekið þ. 20.7.2012 ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 13.8.2012 ásamt fylgiskjali.

Málsatvik.

Bifreiðinni A var ekið á bifreið sem M ók og telur hún sig hafa orðið fyrir líkamstjóni við slysið og bendir á læknisvottorð dags. 5. Júlí 2011 í því sambandi. Af hálfu M er því hafnað að hún hafi ekki orðið fyrir líkamstjóni þar sem litlar skemmdir hafi orðið á bifreið M. V hafnar bótaskyldu og segir að merkt sé við í tjónstilkynningu að engin slys hafi orðið á fólki. Þá segir V að M hafi ekki leitað til læknis fyrr en 9 dögum eftir áreksturinn og þá kvartað um verki á sömu stöðum og hún hafi hlotið áverka áður en ekkert mar eða áverkar hafi fundist við skoðun sem rekja mátti til slyssins. Þá segir V að umræddur árekstur hafi fyrst og fremst verið nudd á framstuðara og útilokað að jafn lítið tjón geti valdið líkamstjóni þeirra sem eru inni í bifreiðinni.

Álit.

Mat nefndarinnar liggur í því að skoða hvort meiri eða minni líkur séu á því að líkamstjón hafi orðið við áreksturinn. Í ljósi takmarkaðra gagna m.a. varðandi sjúkrasögu M eru verulegur vafi um orsakatengsl milli árekstursins og þeirra verkja sem M telur sig vera haldinn vegna hans. M hefur ekki leitt nægjanlegar líkur að eða sýnt fram á hann hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni sem rekja megi til notkunar ökutækis A í umrætt sinn. Af virtum gögnum málsins er bótaskylda ekki fyrir hendi og orsakatengsl ósönnuð.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík 11.9 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.